



Landsbyggðar- og innviðaráðuneytið
Landsbyggðarráðherra

Svar frá ríkisstjórnunum Norðurlanda við skriflegri fyrirspurn E10/2024 frá Norðurlandaráði til ríkisstjórna Norðurlanda um strandveiðar

Per-Arne Håkansson (S) frá Norðurlandaráði beindi fyrirspurn til ríkisstjórna Norðurlanda um hvað sé gert til að tryggja strandveiðar og hvort til séu svið sem norrænu ríkin geti gert meira innan í sameiningu til að efla fæðuöryggi, ferðaþjónustu og byggðapróun.

Svar frá ríkisstjórnunum Norðurlanda

Norræna ráðherranefndin þakkar Norðurlandaráð fyrir fyrirspurnina um strandveiðar. Stjórnsýsla vegna kvóta og tæknilegra aðgerða í tengslum við fiskveiðar í Eystrasalti liggja almennt innan valdsviðs ESB-samstarfsins. Norræna ráðherranefndin hefur þó áhyggjur af þessu vandamáli og fylgist með þróun málsins.

Innan norræns samstarfs um fiskveiðar eru nú þegar í gangi ýmis verkefni og aðgerðir sem tengjast fiskveiðum og ættu að stuðla að sjálfbærri þróun með aukinni og sjálfbærri matvælaframleiðslu sem getur leitt til fleiri starfa og sjálfbærs hagvaxtar. Þetta hafa bæði verið áþreifanleg verkefni tengd rekstri fiskveiðanna og þekkingaraukandi aðgerðir um umfang þeirra, mikilvægi og virði.

Framtíðarsýn norrænu landanna er að Norðurlönd verði orðin sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Þessa framtíðarsýn samþykktu forsætisráðherrar Norðurlandanna árið 2019 og hana á að uppfylla með fjárfestingum í grænum, samkeppnishæfum og félagslega sjálfbærum Norðurlöndum.

Norðurlöndin vinna nú að nýjum samstarfsáætlunum sem eiga að stuðla að því að framtíðarsýnin verði að veruleika. Í dag er áformað að samstarfið verði eflt til að skapa traustar aðfangakeðjur matvæla og finna lausnir fyrir sjávarútveg á Norðurlöndum sem stuðla að grænum umskiptum og sjálfbærri samfélagsþróun.